



Borgarráð

***Skúlagata 11, afturköllun lóðar.***

Óskað er eftir að borgarráð afturkalli úthlutun lóðarréttinda að Skúlagötu 11 sem nú eru í eigu Landeyjar kt. 6411091420, Ögurhvarfi 4a, 203 Kópavogi sem úthlutað voru til Eimskiplafélags Íslands 17. ágúst 1988 gegn endurgreiðslu greiddra gatnagerðargjalda að fjárhæð kr. 8.945.897.- sbr. samkomulag dags. 29. mars 2019.

***Greinargerð:***

Umrædd lóðarréttindi voru í upphafi úthlutað til Eimskipafélagsins Íslands 17. ágúst 1988. Þann 29. júní 2004 samþykkti borgarráð að 101 Skuggahverfi yrði lóðarhafi lóðar nr. 11 við Skúlagötu. Áskilið var að framkvæmdir á lóðinni yrðu hafnar fyrir árslok 2007. Samkvæmt skilmálum borgarsjóðs er áskilinn réttur til að afturkalla úthlutunina hafi framkvæmdir á lóðinni ekki hafist fyrir árslok 2007. Þann 8. mars 2007 óskaði Skuggahverfi ehf. eftir breytingu á umræddum skilmálum á þann veg að heimilt yrði að afturkalla úthlutunina ef byggingarframkvæmdir verði ekki hafnar á lóðinni fyrir 1. júlí 2011 og samþykkti borgarráð þá skilmálabreytingu á fundi sínum 13. desember 2007.

Samkvæmt gögnum úr fyrirtækjaskrá hefur Skuggahverfi ehf. verið sameinað Ármannsfelli ehf. kt. 641109-1420 (EL-3). Nafni félagsins var síðar breytt í Landey ehf. Samkvæmt því fer Landey ehf. með réttindin til umræddrar lóðar. Skuggahverfi óskaði eftir því með tölvupósti til Framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar að fá að leigja lóðina til þriðja aðila þann 6. sept. 2010 en því var hafnað af skrifstofustjóra Framkvæmda- og eignasviðs dags. 6. september 2010. Í tölvubréfi Landeyjar sem sent var Reykjavíkurborg þann 8. febrúar 2019, kemur fram að framkvæmdir hafi staðið yfir á nágrannalóðum allt fram til ársloka 2018 og hafi umrædd lóð sem aðstaða fyrir verktaka á meðan framkvæmdir stóðu yfir m.a. fyrir vinnuáðstöðu, bílastæði og fleira.

Nýtt deiliskipulag fyrir lóðina tók gildi þann 15. júní 2018 með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Í því er gert ráð fyrir að ekki verði byggt á lóðinni og að hluti hennar verði lagður undir veg sem tengir saman Sæbraut og Frakkastíg. Gatnamót sem nú liggja frá Skúlagötu að Sæbraut munu færast um 50 metra til vesturs og liggja í beinu framhaldi af Frakkastíg. Núverandi lóð minnkar og skiptist í tvær lóðir önnur 1767 fermetrar að stærð og og hin 587 fermetrar að stærð sem fær heitið Skúlagata 11 a. Heimilt er að koma fyrir grenndarstöð á lóðinni ásamt tveimur bílastæðum við lóðina samsíða götu. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir uppbyggingarmöguleikum á lóðunum tveimur. Sjá hér nánar skýringaruppdrátt deiliskipulagsins sem samþykkt var 15. júní 2018: <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=186366493347801468231>

Fyrir hefur legið í skilmálum frá 2004 að úthlutun lóðarinnar yrði afturkölluð ef ekki væri staðið við framkvæmda- og nýtingaráform sem óskað hefur verið eftir og samþykkt voru þann 13. desember 2007 þ.e. að úthlutun lóðarinnar yrði mögulega afturkölluð ef framkvæmdir hæfist eigi síðar en 1. júlí 2011.

Landey var veittur 14 daga frestur til að koma að athugasemdum sínum um fyrirhugaða afturköllun en tillaga um afturköllun lóðarinnar verður lögð fyrir borgarráð að liðnum þeim fresti. Félagið gerði ekki athugasemdir og samþykkri skil lóðarinnar sbr. meðfylgjandi samkomulag um skil lóðarinnar dags. 29. mars 2019. Um endurgreiðslu gatnagerðargjalda vegna afturköllunar lóðar gildir 9. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og 3. tl. ákvæðis sömu laga til bráðabirgða.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samkomulag um skil lóðarinnar að Skúlagötu 11, Reykjavík dags. 29. mars 2019.

## Samkomulag um skil lóðar

Eimskipafélagi Íslands var úthlutað lóðinni við Skúlagötu 11, Reykjavík þann 17. ágúst 1988. Landey ehf. áður Skuggi ehf., eignaðist síðar umrædd lóðarréttindi.


Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu í Reykjavík, samþykkir hér með skil lóðarinnar nr. 11 við Skúlagötu í Reykjavík frá lóðarhafanum Landey ehf. kt. 641109-1420, Ögurhvarfi 4a, Kópavogi, með fyrirvara um ákvörðun borgarráðs um afturköllun lóðarúthlutunarinnar.

Fallist borgarráð á afturköllun lóðarinnar, endurgreiðast greidd gatnagerðargjöld vegna lóðarinnar sem uppfærð eru með vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags í samræmi við 3. tl. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald.

Greiðsla gatnagerðargjalda fyrir lóðina var 2.101.411 í ágúst 1988 og er hún uppfærð miðað við mars 2019 kr. 8.945.897.-

Landey ehf. lýsir því yfir að félagið er samþykkt því að skila lóðinni og að félagið eigi engar frekari fjárkröfur á hendur Reykjavíkurborg vegna eignarhalds á lóðarréttindum að Skúlagötu 11, Reykjavík, umfram kröfu á greiðslu kr. 8.945.897.- vegna þegar greiddra gatnagerðargjalda fyrir lóðarréttindin. Greiðsla Reykjavíkurborgar á þeirri fjárhæð fer fram inn 10 virkra daga frá því að borgarráð hefur samþykkt að afturkalla lóðarúthlutunina.

Reykjavík 29. mars 2019



Samþykkur f.h. Landeyjar


---

Samþykkur f.h. Reykjavíkurborgar

með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Vottar að rétttri dagsetningu,

hæfi og undirritun



kt. 021075-3619



kt. 090884-2129